

FUNDARGERÐ

Héraðsnefnd Þingeyinga

kom saman til fundar í Byggðasafninu á Snartarstöðum miðvikudaginn 4. maí nóvember 2016 kl. 14:30.

Mætt voru:

Héraðsnefndarfulltrúarnir Arnór Benónýsson frá Þingeyjarsveit, Kjartan Páll Þórarinnsson og Óli Halldórsson frá Norðurþingi, Reynir Atli Jónsson frá Langanesbyggð, Sigurður Þór Guðmundsson frá Svalbarðshreppi, Steinþór Heiðarsson frá Tjörneshreppi og Yngvi Ragnar Kristjánsson frá Skútustaðahreppi.

Þá sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður, Arnór Benónýsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Þetta gerðist:

1. Ársreikningur 2015

Fyrir liggur ársreikningur HNP fyrir 2015 endurskoðaður af PWC án athugasemda ásamt endurskoðunarbréfi.

Tekjur ársins voru 4.940 þús. sem er umfram áætlun og skýrist af endurkræfum vöktunarkostnaði vegna hættu á jarðhræringum í Bárðarbungu frá fyrra ári. Rekstrargjöld námu 4.259 þús. sem er verulega undir áætlun og skýrist fyrts og fremst af því að Þingeyjarverkefnið fór mun hægar af stað en ráðgert hafði verið. Tekjuafgangur fyrir fjármagnsliði var 681 þús. og fjármagnsliðir jákvæðir um 322 þús. Þannig að tekjuafgangur ársins var 1.003 en skv. áætlun var gert ráð fyrir halla upp á 2.015 þús. Eignir voru 24.932 þús. og þar af fastafjármunir 10.043 þús. og handbært fé 14.890 þús. Skuldir námu 9.072 þús. en þar ef eru reiknaðar lífeyrisskuldbindingar 7.727 þús. Eigið fé var 15.860 þús. og þar ef eru 5.818 þús. óráðstafað eigið fé en eftirstöðvarnar eru á endurmatsreikningi fastafjármuna.

Ársreiningarnir ræddir og að því búnu bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða og undirritaðir af héraðsnefndarfulltrúum og framkvæmdastjóra.

2. Önnur mál

Formaður kvaddi sér hljóðs í tilefni þess að um er að ræða síðasta fund Héraðsnefndar Þingeyinga sem til varð við samruna Héraðsnefnda Suður- og Norður-Þingeyinga, sem samþykkt var 1996 og tók formlega gildi í ársbyrjun 1997, en héraðsnefndir tóku við af sýslunefndum með nýjum sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986. Með nýjum sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 voru héraðsnefndir aflagðar í því formi sem verið hafði og samstarf sveitarfélaga skilyrt með þeim

hætti að það færi einungis fram í byggðasamlögum, með beinum samstarfssamningum eða í landshlutasamtökum.

Í ljósi umræddra breytinga á lagaumhverfinu hafa sveitarfélögin á starfssvæði HNP því ákveðið að breyta henni í byggðasamlag til að skapa samstarfi sínu áframhaldandi traustan vettvang.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:00